

# Stjórnarfundur SKL

**Haldinn á Hótel Borg, kl. 08:30, 03.10.2011**

**Mætt voru Hilmar Oddsson, Friðrik Þór Friðriksson, Ragnar Bragason og Óskar Jónasson.**

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Hilmar er að vinna skýrslu frá aðalfundi FERA í Opatija í Króatíu. Hann er með nokkur eintök af Directors Contract Guidelines – mjög góður lítill bæklingur. Rætt um möguleikann á að koma eintaki á alla félagsmenn.
3. Rætt um bók Ágústar Einarssonar; Hagræn áhrif kvikmyndalistar. Hilmar Oddsson kynnti bókina á FERA fundinum, þar sem hún vakti mikla athygli og menn báðu um þýddan úrdrátt úr bókinni. Ragnar nefndi hugmynd hans og Ara Kristinssonar um að senda bókina á alla þingmenn. Til stendur að fagfélögin sameinist um að fjármagna þá aðgerð.
4. Samkvæmt nýjum fjárlögum er 10 milljóna niðurskurður á framlögum til Kvikmyndamiðstöðvar. Það er spurning hvernig félagið tekur á þessu.
5. „Samkomulag um stefnumörkun aðgerðir til að efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012 til 2015“ er í vinnslu. Rætt um “billettötte”, þ.e. að styrkja sýningar á íslenskum kvikmyndum í kvikmyndahúsum. Stjórnin gerði nokkrar athugasemdir við drögin að þessu samkomulagi. „Hækkunin“ á framlagi hins opinbera til Kvikmyndamiðstöðvar er það hraksmánarlega lág (og er í raun 25.3% hrein lækkun frá 2009 eða 37.1% skv upprunalegu samkomulagi), að það er útlit fyrir að samningar einfaldlega náist ekki við þessa ríkisstjórn. Stjórn SKL getur ekki skrifað undir þetta samkomulag óbreytt.
6. Friðrik ætlar að hafa samband við Laufeyju út af workshoppinu með Martin Daniel – í dag eða á morgun. Við erum að vonast til að það verði haldið í desember.
7. Ráðgert er að hafa næsta SKL fund 31. nóvember.

Ritari var Óskar Jónasson.